

# EPOXÝLAKK

**EPOXÝLAKK** er tvíþátt, epoxýbundið lakk, sem er í flokki þeirra lakktegunda sem talin eru hafa mestan slitstyrk, vatns- og efnaþol.

**EPOXÝLAKK** því ákjósanlegt á gólf, veggi, vélar og ýmis áhöld í frystihúsum, fiskvinnslustöðvum, vélaverkstæðum, verksmiðjum og annars staðar, þar sem mikils álags er að vænta.



EPOXÝLAKK hefur frábæra viðloðun við flest öll byggingar-efni, svo sem stein, tré og járn

#### Litir:

**EPOXÝLAKK** er framleitt í um 4 STADAL-LITUM og auk þess glært.

#### Áferð:

Hágljáandi.

#### Herðir:

EPOXÝHERÐIR 15, sem blanda skal vel saman við lakkid rétt fyrir notkun í rúmmáslutföllunum 1 hluti EPOXÝHERÐIR 15, á móti 3 hlutum af **EPOXÝLAKKI**.

#### Málun:

Með pensli, rúllu eða sprautu. Einnig með háþrýstisprautu.

#### Varúðarflokkur:

4 - 5.

#### Þynnir og hreinsun áhaldar:

Með EPOXÝPYNNI strax að verki loknu.

#### Notatími:

Blanda herðis og lakks verður ónothæf eftir 5-8 klst. við stofuhita, en á nokkrum dögum við lágt hitastig (um 0°C).

#### Purrktími:

Um 2-3 klst. við 20°C.

#### Endanlegir eiginleikar:

Epoxylakk nær endanlegum eiginleikum á um 5-7 dögum við 20°C, en á um 30 mín. við 100°C.

#### Yfirmálun:

Eftir 4-8 klst. við 20°C. Ef meira en fáeinir dagar líða á milli umferða, skal mattslípa flötinn og þynna **EPOXÝLAKK** verulega með EPOXÝPYNNI í næstu umferð.

#### Þykkt (flæðiseigja):

Án herðis um 70 KU (25°C). Með herði um 70 KU (25°C).

#### Gljái:

Um 90 (60°).

#### Eðlismassi:

Án herðis um 1,20 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit (um 1,05 g/ml fyrir glært). Með herði um 1,13 g/ml (25°C), breytilegt eftir lit (um 1,00 g/ml fyrir glært).



#### Purrefni:

Án herðis um 65% af massa eða um 45-50% af rúmmáli (reiknað), breytilegt eftir lit (um 55% af massa eða um 50% af rúmmáli (reiknað) fyrir glært). Með herði um 65% af massa eða um 50% af rúmmáli (reiknað), breytilegt eftir lit (um 55% af massa eða um 50% af rúmmáli (reiknað) fyrir glært)

#### Efnisnotkun:

Með herði um 0,09-0,14 l/m² í umferð, breytilegt eftir aðstæðum og málunaraðferð; samsvarar um 40-70 µm þurr-filmuþykkt.

#### Lágmarks vinnsluhitastig:

Flöturinn sem mála á, skal vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins meðan á málun stendur. EPOXÝLAKK harðnar EKKI við hitastig undir 10°C.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund. Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa, þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.